

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. september 2019:

Lagt er til að eftirlit við grunn- og leikskóla í borginni verði endurskoðað sem og allir öryggisferlar. Starfsmenn og kennarar auðkenni sig t.d. með nafnspjaldi eins og þekkt víða í stofnunum og fyrirtækjum til að tryggja betur öryggi nemenda. Skóla- og frístundasviði yrði falin útfærsla þessara auðkenna. Þá er lagt til að kannaðir verði kostir þess að koma upp öryggismyndavélum við skólana og að þeim skólum sem þess óska standi slíkur búnaður til boða.

Greinargerð:

Í ljósi alvarlegs atkvíks þar sem utanaðkomandi aðili fór inn í Austurbæjarskóla á miðjum skóladegi nýverið og hafði afskipti af barni og lokkaði það til sín er brýnt að leitað verði leiða til að tryggja betur öryggi skólabarna hvort heldur sem er í skólahúsnæðinu eða á skólalóðinni. Öryggismyndavélar eru við innganga og skólalóð sumra skóla sem þegar hafa sannað gildi sitt. Mikilvægt er að skólum standi slíkur búnaður til boða og þeir hvattir til að nýta sér hann.